

Safnaðarbréf

Lágafellssóknar

Haust 2012



Gleðjumst og þökkum á þessum degi og alla daga!

Það eru síðsumars dagar og við horfum til baka á gjöfula tíð, einstakt sumar, sem hefur veitt okkur hlýju og birtu, vöxt og ávexti, sem við uppskerum í náttúru og á líkama og sál. Hér í Mosfellsbæ hefur skapast sú hefð að ljúka sumrinu með menningarhátíð, sem kölluð er eftir samnefndri bók Nóbelskáldsins Halldórs Kiljan Laxness, „Í túninu heima“. Götum, hverfum og dalnum er úthlutað litum sem setja svip sinn á bæi og ból. Sumir leggja mikið upp úr undirbúningnum, heilu götumar taka sig saman, botnlangar eða húsabyrpingar, skreyta og hafa sameiginlegt pulsu eða grillparty, fara í leiki með börnunum o.fl.. Öllum gefst kostur á að vera með á einn eða annan hátt og eftir forsendum hvers og eins. Minn litur er bleikur – hver er þinn?. Litirnir í bænum okkar og byggð gera hann lifandi, og minna okkur á að hér iðar allt af lífi, fjölbreyttu, litskrúðugu lífi manna og dýra. Það er gott að vera minnt á það að lífið, við mennirnir erum fjölbreytt tegund, að útliti og gerð, að hæfileikum, aldri og aðstöðu, þekkingu og reynslu, áhuga og draumum svo nokkuð sé nefnt. Í öllum samfélögum manna, fjölskyldu, skóla, kirkju, íþróttafélögum, kórum o.fl. er tilhneiging til að steypa alla í sama mót. Það er tilhneiging mannsins að leita jafnvægis og öryggis – eðlileg, en ekki nauðsynlega rétta leiðin að festa sig við.

Samfélag okkar verður aðeins gott og kraftmikið ef við viðurkennum og berum virðingu fyrir fjölbreytil-eikanum í mannlífsflórunni – að við gleðjumst yfir henni og sjáum þann styrk og visku sem hún hefur að geyma. Það er krefjandi, en er um leið það sem við öll erum kölluð til að eflast í. frh á bls 2

frh...Litur kirkjunnar eru allir litir regnbogans. Boðskapurinn er að Guð umfaðmar allt sitt fólk, allan fjölbreytileikann í mannlífsflórinni, náttúru og dýraríki, í sjálfri sköpuninni. Boðskapurinn er að við tökum á móti gjöf hans, friðinum. Tökum á móti orði hans í hjörtum okkar, treystum því að við erum elskuð og göngum út í lífið, umföðmum það í allri sinni vídd og breidd og hvert annað í gleði alla daga. Byrjum í dag! Gleðjumst og þökkum á þessum degi og alla daga. Í Jesú nafni.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir, Sóknarprestur

Fermingafræðsla og skráning barna sem fermast vorið 2013

Fermingarundirbúningurinn hefst á þessu hausti með fjölskylduguðspjónustu í Lágafellskirkju 9. september kl. 11.00. Kirkjukaffi í safnaðarheimilinu að Þverholti 3 að athöfn lokinni. Hvetjum við foreldra og fermingarbörn vorsins 2013 sérstaklega til að mæta. Þeir sem hafa ekki náð að skrá barnið sitt og valið fermingardag geta snúið sér til sóknarprests, sr. Ragnheiðar Jónsdóttur í síma 5667113 eða á netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is. Sjá einnig skráningarblað og niðurröðun tíma á heimasíðu Lágafellskirkju.

Gríptu daginn" - í kyrrð - Kyrrðardagur í Mosfellskirkju



Íhugun – kyrrð – útivera í fallegu umhverfi og kirkju í dal skáldanna, Mosfellsdal.

Laugardaginn 22. september kl.10-16. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu kirkjunnar.

Kirkjukór Lágafellssóknar

Starf Kirkjukórs Lágafellssóknar verður blómlegt í vetur sem endranær. Margt er spennandi á döfinni: Laxness-tónleikar í október, árlegir styrktartónleikar kórsins með stórstjórnuliði í nóvember, Gospelstuð einnig í nóvember og síðast en ekki síst ferð til Færeyja í vor. Æft er á þriðjudagskvöldum í Safnaðarheimilinu, Þverholti 3, frá kl hálfátta til hálf tíu. Afar jákvætt og gott andrúmsloft ríkir í kórnum, tökum hlýlega á móti nýjum félögum. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Arnhildi organista í síma 6987154. Getum bætt við okkur sérstaklega í karlaröddum! Eins og venjan er munum við fá í heimsókn unga tónlistarnema úr Listaskóla Mosfellsbæjar í messurnar í haust.

Tólf spor - Nýjung í safnaðarstarfi

Boðið verður upp á andlegt ferðalag í anda Tólf sporanna í Mosfellsbæ í vetur. Sporin eru unnin eftir kerfi þar sem tekist er á við óuppgerðar tilfinningar. Flestum okkar hættir til að dragnast með slíkt í gegnum lífið með tilheyrandi þjáningum og ójafnvægi. Ekki er horft á fíkn sérstaklega. Kynningarfundur verður í Safnaðarheimili Lágafellssóknar að Þverholti 3, Mosfellsbæ, miðvikudagskvöldið 12. september kl. 18:30. Næstu þrjá miðvikudaga á sama stað og tíma, verða opnir fundir til frekari kynningar. Á fjórða fundi, þann 3. október, verður endanlega skipað í hópa og þeim lokað. Allir eru velkomnir á opnu fundina og ekki þarf að skrá sig. Þátttökugjald er ekkert.

Safnaðarstarf haustið 2012

Með fjölskylduguðspjónustunni í Lágafellskirkju þann 9. september kl. 11:00 hefst safnaðarstarf vetrarins. Hægt er að sjá á heimasíðu kirkjunnar nánar um safnaðarstarfið í vetur.

Fyrirbænarstundir í Lágafellskirkju eru á þriðjudögum kl.19:30
Umsjón: Þórdís Ásgeisdóttir, djákni

Kristin íhugun -

Er í Lágafellskirkju á miðvikudögum kl.17.30.
Byrjendur mæti kl.17:00
Umsjón: Arndís Linn, guðfræðingur.

Sunnudagaskólinn er í Lágafellskirkju á sunnudögum kl. 13:00
Umsjón: Hreiðar Örn Z Stefánsson

Foreldramorgnar eru í safnaðarheimilinu á miðvikudögum milli kl. 10:00 - 12:00 (hefst 29.08)
Umsjón: Arndís Linn, guðfræðingur.

Kirkjukórinn æfir í safnaðarheimilinu á þriðjudagskvöldum frá kl. 19:30
Umsjón: Arnildur Valgarðsdóttir, organisti

T.T.T. Æskulýðsstarf fyrir 10 til 12 ára er í safnaðarheimilinu á mánudögum kl. 16:00
Umsjón: Hreiðar Örn Z Stefánsson ásamt ungleiðtogum

SOUND Æskulýðsstarf fyrir unglina er í safnaðarheimilinu á mánudögum kl. 17:00
Umsjón: Hreiðar Örn Z Stefánsson og Thelma Dögg Haraldsdóttir ásamt ungleiðtogum

Kirkjukrakkar í Varmárskóla og Lágafellsskóla.
Tímasetningar auglýstar síðar.
Umsjón: Arndís Linn, guðfræðingur.

Prjónasamverur eru í safnaðarheimilinu annað hvert fimmtudags kvöld - sjá nánar á heimasíðu kirkjunnar
Umsjón: Fjóla Haraldsdóttir, djákni

12 spor eru í safnaðarheimilinu.
Sjá nánar grein á bls.2.

Safnaðarheimilið - skrifstofur Lágafellssóknar

Skrifstofur presta og starfsfólks Lágafellssóknar er í safnaðarheimili kirkjunnar að Þverholti 3. Síminn þar er 566 7113. Nánari upplýsingar um viðtalstíma eru á heimasíðu kirkjunnar: www.lagafellskirkja.is

Safnaðarheimili / skrifstofur 566 7113

Sóknarprestur

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Farsími: 869 9882
Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Prestur

Sr. Skirnir Garðarsson
Farsími: 823 8274
Netfang: skirnir.gardarsson@kirkjan.is

Djákni

Fjóla Haraldsdóttir
Farsími: 861 3565
Netfang: fjolaha@visir.is

Framkvæmdastjóri

Hreiðar Örn Zoega Stefánsson
Farsími: 896 8936
Netfang: hreidar@kirkjan.is

Organisti

Arnildur Valgarðsdóttir
Farsími: 698 7154
Netfang: arnildurvur@simnet.is

Meðhjálpari / kirkjuvörður

Arndís Linn
Farsími: 866 8947
Netfang: arndis.linn@kirkjan.is

Húsmóðir í safnaðarheimilinu

Sigríður Pétursdóttir
Farsími: 896 8054

Helgihald í Mosfellsprestakalli Haustið 2012

26.ágúst 12.sd.e.trin - „Í túninu heima”

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11:00
Sr. Skírnir Garðarsson

2.september 13.sd.e.trin

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

9.sept.14.sd.e.trin

Fjölskylduguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

16.sept.15.sd.e.trin

Kvöldguðsþjónusta – Taize
í Lágafellskirkju kl. 20:00
Sr. Skírnir Garðarsson

23.sept.16.sd.e.trin

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

30.sept.17.sd.e.trin.

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11:00
Sr. Skírnir Garðarsson

7.október 18.sd.e.trin.

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

14.október 19.sd.e.trin.

Fjölskylduguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00
Sr. Skírnir Garðarsson

21.október 20.sd.e.trin.

Kvöldguðsþjónusta – Taize
í Lágafellskirkju kl. 20:00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

28.október 21.sd.e.trin.(siðbótadg.31.okt.)

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11:00
Sr. Skírnir Garðarsson

1.nóvember - fimmtudagur

Allra heilagramessa

Lágafellskirkja kl. 20:00
Samverustund, látinna minnst, bæn, kyrrð
og tónlist.
Sr.Ragnheiður Jónsdóttir

4. nóvember 22.sd.e.trin.

Fjölskylduguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00
sr. Ragnheiður Jónsdóttir

11.nóvember 23.sd.eft.trin.

Kristniboðsdagurinn

Lágafellskirkja kl.20:00
Kvöldguðsþjónusta – Gospelmessa
Sr. Skírnir Garðarsson

18.nóvember næst síðasti sd.e.trin.

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00
Sr.Skírnir Garðarsson

25.nóvember síðasti sd.e.trin

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11:00
Sr. Skírnir Garðarsson

www.lagafellskirkja.is

Á heimasíðu Lágafellssóknar er að finna ýmiskonar fróðleik og upplýsingar um kirkjustarfið í Mosfellsbæ. Þar er m. a. hægt að nálgast upplýsingar um allt safnaðarstarf, helgihald og kærleiksþjónustu, kirkjur og safnaðarheimili, kirkjukór og kirkjutónlist.

Útgefandi: Sóknarnefnd Lágafellssóknar, Mosfellsprestakalli, Þverholti 3, Mosfellsbæ.
Ljósmynd á forsiðu: Úr myndasafni Mosfellsbæjar. Umbrot: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson